



Kópavogi, 8. apríl 2024

Efni: Til íþróttafélaganna í Kópavogi vegna **slysaftryggingar barna hjá Kópavogsbæ sem tryggir börn sem eru iðkendur hjá íþróttafélögum**. Stutt samantekt um tryggingarverndina.

Árið 2006 gerði þáverandi bæjarstjórn Kópavogs samning við íþróttfélögin í Kópavogi um að slysaftrygging skólabarna hjá Kópavogsbæ skyldi jafnframt látin ná yfir iðkendur hjá íþróttafélögum sem væru börn yngri en 18 ára. Þannig ættu foreldrar barna almennt ekki að þurfa að greiða sjúkrakostnað úr eigin vasa ef slys hefði t.d. í för með sér kostnað vegna komu á bráðamóttöku, röntgenmyndir eða annan læknis- eða lyfjakostnað auk sjúkrabjálfunar, sem er yfirgripsmesta tryggingaverndin sem er nýtt úr tryggingunni. Tryggingin greiðir bætur vegna sjúkrakostnaðar, tannbrots, varanlegrar örorku og dánarbætur.

Áður en lengra en haldið er rétt að geta þess að sveitarfélög og íþróttafélög bera ekki ábyrgð á slysum sem börn og ungmenni verða fyrir í skipulögðu starfi á þeirra vegum. Ekki nema þau verði talin bera skaðabótaábyrgð á slysi og um það gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Það er eingöngu ef um skaðabótaskyld tjón er að ræða þar sem sveitarfélag/íþróttafélag eða starfsmenn þess eiga sök á slysinu. Fyrrgreindir aðilar þurfa skv. sakarreglu skaðabótaréttarins að hafa valdið tjóninu með saknæmum og ólögnum hætti (gáleysi eða ásetningur) svo að til skaðabótaskyldu stofnist. Ef barn eða ungmenni slasast í óhappi sem engum verður kennt um ber sá sem stendur fyrir starfinu ekki skaðabótaábyrgð á því. Til þess þarf sveitarfélag/íþróttafélag eða starfsmenn þess að hafa sýnt af sér sök, t.a.m. vanrækslu og einnig geta þau orðið bótaskyld ef aðbúnaður er ófullnægjandi/hættulegur og slys verður vegna þess.

Þrátt fyrir að sveitarfélög (og íþróttafélög) beri ekki ábyrgð á slysum sem börn og ungmenni verða fyrir og þeim sé ekki skylt að kaupa slysaftryggingar fyrir börn í skólastarfi og öðru skipulögðu starfi á þeirra vegum gera langflest sveitarfélög landsins það og fer þá um slysabætur eftir skilmálum viðkomandi tryggingafélags. Kópavogsbær er með sérstaka hópvátryggingu, svokallaða slysaftryggingu skólabarna hjá VÍS, og sem fyrr segir hefur verið samið um að fella iðkendur hjá íþróttafélögum í Kópavogi sem eru börn yngri en 18 ára undir hana. Þar sem tryggingum eða skaðabótaábyrgð skv. ofangreindu sleppir er barn eða ungmenni ekki tryggt í skóla- og tómstundastarfi frekar en þegar það er úti að leik.

Rétt þykir að fara fáeinum orðum yfir tryggingaverndina til að fyrirbyggja allan misskilning svo réttum skilaboðum sé komið áleiðis til foreldra og þau geri sér grein fyrir tryggingaverndinni og að áréttu að vilji þau tryggja sig fyrir alvarlegu heilsutjóni er mikilvægt að þau séu með góðar tryggingar fyrir sig og fjölskyldu sína, svo lang sem það nær. Fyrir það fyrsta skal á það skal bent að um er að ræða barnaftryggingu. Þegar af þeirri ástæðu eru dagpeningar vegna tímabundins missis starfsorku ekki á meðal tryggingarverndarinnar í ljósi þess að börn eru á framfæri foreldra, en foreldrar eru framfærsluskyldir með börnum sínum skv. ákvæðum barnalaga. Börn eru skv. lögum skilgreind sem börn til 18 ára aldurs og því gildir barnaftryggingin til 18 ára þótt mörg ungmenni geti verið byrjuð



að vinna fyrir þann aldur og verið að fá einhverjar tekjur. Tryggingunni er því ekki ætlað að tryggja ungmenni fyrir hugsanlegu tekjutjóni eins og í tilviki fullorðinna sem velja að kaupa sérstaka slysatryggingu til að tryggja sig fyrir tímabundnu tekjutjóni í kjölfar slyss.

Þá skal áréttað að slysatryggingu skólabarna er ekki, frekar en gildir um aðrar slysatryggingar, ætlað að bæta fólki tekjumissi til framtíðar vegna varnalegrar örorku. Læknisfræðileg örorka er sá grundvöllur sem miðað er við þegar bætur úr slysatryggingum eru gerðar upp. Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku eru reiknaðar út frá læknisfræðilegu mati á því hversu mikið líkamlegt eða andlegt tjón er talið hafa hlotist af slysi. Læknisfræðileg örorka er því óháð mati á því hversu mikil áhrif örorka getur haft á tekjuöflun viðkomandi eða það sem er kölluð varanleg örorka skv. skaðabótalögum.

Þegar sérstök slysatrygging er keypt hjá tryggingarfélagi er váttryggingarfjárhæðin sem greitt er iðgjald af greidd út til váttryggingartaka í eingreiðslu eins og með líf- og sjúkdómatryggingar. Má segja að henni sé ætlað að „milda höggið“ ef svo má að orði komast svo fólk lendi ekki í fjárhagsvandráðum samhliða því að glíma við afleiðingar heilsutjóns. Váttryggingarfjárhæðin greiðist út í hlutfalli við varanlega læknisfræðilega örorku (öll váttryggingarfjárhæðin greiðist út fyrir 100% varanlega örorku, en við minni örorku greiðist hún hlutfallslega) og upphæðin tekur iðulega mið af tekjum þess sem tryggir sig (því hærri tekjur sem fólk er með því hærri upphæð velur fólk að slysatryggja sig fyrir). Váttryggingarfjárhæðin í skólabarnatryggingu bæjarins er því í eðli sínu lág eða talsvert lægri í tilviki barna í samanburði við fullorðna sem velja að tryggja sig fyrir hugsanlegu tekjutjóni.

Af framansögðu leiðir að um er að ræða barnatryggingu þar sem váttryggingarfjárhæðin er bæði lægri en ella og dagpeningar greiðast ekki fyrir tímabundið tekjutjón. Þá er tryggingunni ekki ætlað að bæta tekjumissi fólks til framtíðar og er óháð mati á því hversu mikil áhrif varanleg örorka getur haft á tekjuöflun viðkomandi.

Heimilis- og fjölskyldutryggingar fólks innhalda flestar ef ekki allar tryggingar vegna frítímaslysa heimilismanna (kallast slysatrygging í frítíma) sem eiga m.a. að tryggja þá við íþrótt- og tólmstundaiðkun og í skilmálum þeirra eru gjarnan sérstök ákvæði um að börn í keppnisíþróttum til 16 eða 18 ára aldurs falli undir frítímaslysatryggingu fjölskyldunnar. Foreldrar geta því sótt bætur að einhverju marki fyrir börn sín í þá tryggingu hjá sínu eigin tryggingarfélagi. Eftir 16 ára aldur eru ungmenni svo tryggð við íþróttaiðkun og keppnisíþróttir skv. lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 og hægt er að sækja bætur til Sjúkratrygginga Íslands. Til viðbótar slysatryggingum í frítíma sem eru inni í heimilis- og fjölskyldutryggingum fólks er jafnframt hægt að kaupa sérstaka slysatryggingu hjá tryggingarfélagum sem í sumum tilvikum ná til keppnisíþróttar. Það fer allt eftir því hvernig slysatrygging er keypt og hjá hverjum hvort hún ná til íþróttaiðkunar eða ekki. Sum tryggingafélög undanskilja keppnisíþróttir á meðan önnur gera það ekki. Eins og með margt annað þarf fólk að vanda vel valið við kaup á tryggingum því skilmálar tryggingafélaganna geta verið mismunandi.

Að lokum skal það áréttað að til þess að virkja tryggingaverndina í slysatryggingu skólabarna hjá VÍS er nauðsynlegt að íþróttafélögin tilkynni slys til tryggingafélagsins innan árs. Að öðrum kosti er málið fyrnt og bótaskyldu er hafnað. Það er í reglum íþróttafélaganna að þjálfarar og aðrir hjá íþróttafélögunum bera ábyrgð á að sjá til þess að slys séu tilkynnt til VÍS. Félögin verða því að tilkynna slys til VÍS, að öðrum kosti geta þau ekki látið slys sem verða hjá þeim falla undir slysatryggingu bæjarins. Tilkynni þau ekki slys og VÍS hafnar bótaskyldu vegna fyrningar þá er ekkert



sem Kópavogsbær getur gert, þá missa íþróttafélögin af tækifærinu til að láta slysið falla undir tryggingu bæjarins. Tryggingin er fyrir hendi en íþróttafélögin verða að sækja í hana ef þau vilja nýta sér hana.

Það er ávallt okkar að tryggja okkur sjálf og aðra fjölskyldumeðlimi fyrir alvarlegu tjóni sem getur orðið á lífsleiðinni svo langt sem það nær. Þótt keyptar váttryggingar hjá tryggingafélögum (hvort heldur okkar eigin tryggingar eða tryggingar þriðja aðila) geti bætt fólki hluta tjóns sem það verður fyrir þá fær það sjaldnast tjón sitt að fullu bætt úr slíkum tryggingum. Mikilvægt er að foreldrum barna sé gerð grein fyrir því og að slysatryggingin fyrir iðkendur íþróttafélaganna gefi ekki falskar vonir um annað.